

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 1358/2011 fyrir kattahald í Hveragerðisbæ.

#### 1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 2.230 sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 3.490 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar, sbr. 2. gr. hennar.

#### 2. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 11. desember 2014 með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007.

*Hveragerði, 12. desember 2014.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2015